

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **18-106F020**

Dags: **16. júní 2018**

Staður: **Fisflugvöllurinn við Úlfarsárfell**

Lýsing: **Hlekkist á í flugtaki**

Einkaflugmaður ásamt einum farþega tók á loft á flugvélinni TF-ASK (I.C.P. Savannah S) frá fisvellinum Grund, við Úlfarsárfell. Var flugtakið á grasbraut er liggur frá byggingavöruverslunninni Bauhaus og til austurs, inn Úlfarsárdal. Að sögn flugmannsins tók hann á loft á lágmarkshraða. Hugðist hann ýta nefinu strax fram í kjölfarið og byggja upp frekari flughraða í jarðhrifum.




Að sögn flugmannsins tók hann hins vegar of skarpt í stýri flugvélarinnar með þeim afleiðingum að hún flaug upp úr jarðhrifunum. Ofreis flugvélin í kjölfarið, missti lyftigetu og féll til jarðar.

Að sögn flugmannsins náði hann flugvélinni að hluta úr ofrisinu eftir að hún kom aftur niður í jarðhrifin, en dugði það þó ekki til og lenti flugvélin vinstra megin við grasbrautina.

Að sögn flugmannsins beindi hann þá flugvélinni aftur til hægri inn á grasbrautina. Á grasbrautinni, skömmu eftir að flugvélin komst aftur inn á hana, lenti nefhjól flugvélarinnar á moldarhaug. Brotnaði þar nefhjólið, flugvélin steyptist fram yfir sig og hafnaði á bakinu.

Var RNSA tilkynnt um atvikið um 1,5 klst eftir að það gerðist, en þá hafði flugmaðurinn ásamt farþeganum fjarlæggt flugvélinu af slysstað og komið henni fyrir í skýli á flugvellingnum (sjá mynd á fyrri síðu).

RNSA skoðaði flugvélinu í skýlinu, ásamt ummerkjum sem fundust við grasbrautina.



Vegna þess að flugvélin hafði verið fjarlægð af vettvangi reyndist ekki unnt að staðfesta frásögn flugmannsins um tildrög flugslyssins. Myndirnar hér sýna ætluð vegsummerki eftir flugvélinu á vettvangi.

RNSA ítrekar fyrri tilmæli sín úr áður útgefni skýrslu, vegna flugslyss físs TF-150 við Löngufjörur á Snæfellsnesi þann 7. júní 2014:

RNSA beinir tilmælum til þeirra er koma að flugslysi að fara eftir 21.gr laga um rannsókn samgönguslysa og flytja ekki á brott af slysstað það sem því tengist.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 4. október 2018.